

Dómsmálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars 2019

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,  
Framkvæmdastjóri.



Hluti af Alheimshreyfingu  
Rauða krossins

**Icelandic Red Cross**  
**Cruz Roja Islandesa**  
**Croix-Rouge Islandaise**

Efstaleiti 9  
103 Reykjavík  
Iceland

Sími/Tel: (354) 570 4000  
Fax: (354) 570 4010

E-Mail: [central@redcross.is](mailto:central@redcross.is)  
Website: [www.redcross.is](http://www.redcross.is)

## UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100/1952, með síðari breytingum

### Almennar athugasemdir

Rauði krossinn tekur undir mikilvægi þess að færa með auknum hætti afgreiðslu ríkisborgararéttar frá Alþingi yfir á stjórnslustig og með því auka skilvirkni og jafnræði í málsmeðferð. Rauði krossinn bendir þó á mikilvægi þess að skilyrðum séu ekki settar of þröngar skorður s.s. hvað varðar ákvæði um framlagningu gagna, ákvæða um tungumálaþekkingu og framfærslu. Hvetur Rauði krossinn til þess að þess verði gætt betur að svigrúm til að bregðast við ólíkum aðstæðum verði ekki þrengt um of og að jafnframt verði ekki útilokað að Alþingi hafi kost á að fjalla um einstaka mál sem ekki uppfylli almenn skilyrði laganna.

### 1. gr.

Varðandi ákvæði um brottfellingu á kafla II sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins þá getur Rauði krossinn fallist á þá skýringu sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins að með því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur að undanfögnu halli að einhverju leiti á jafnræði í umfjöllun um umsóknir um ríkisborgararétt. Eðlilegt er að rýmka heimildir Útlendingastofnunar til að afgreiða mál á stjórnslustigi. Eins og Rauði krossinn hefur áður komið á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd telur félagið þó varhugavert að fella á brott með öllu þær heimildir sem Alþingi hefur til veitingar ríkisborgararéttar. Mikilvægt er að gera ráð fyrir að upp komi undantekningartilvik þar sem réttlætanlegt er að veita ríkisborgararétt þó almennum skilyrðum sé ekki fullnægt. Er það mat Rauða krossins að réttast væri að stíga eitt skref í þessari breytingu og fella ekki niður með öllu heimild Alþingis til veitingar ríkisborgararéttar þó svo að henni yrði beitt í algjörum undantekningartilvikum.

### 4. gr.

Í c-lið er lögð til breyting á 2. mgr. 8. gr. laganna þar sem ákvæðum 1. mgr. 8. gr. skal beitt í samræmi við lögheimilisráningu. Í tilvikum flóttafólks hefur framkvæmd á skráningu lögheimilis undanfarin ár verið með tvennum hætti. Annars vegar hefur hjá hluta fólks verið viðhöfð sú framkvæmd að skrá lögheimili frá umsóknardegi, enda telst sá er verndar nýtur hafa dvalið í löglegri dvöl frá þeim tíma. Hins vegar var framkvæmdinni síðar breytt vegna ábendingar frá félagsþjónustum sveitarfélaga um að framkvæmdin kæmi í veg fyrir aukinn stuðning og endurgreiðslur til handa sveitarfélögum úr ríkissjóði vegna stuðnings við flóttafólk. Var lögheimilisskráning þá veitt frá og með veitingardegi. Viðkomandi hefur þó dvalist löglega á landinu frá umsóknardegi en ekki átt þess kost að skrá hér lögheimili. Telur Rauði krossinn mikilvægt að í 4. gr. verði jafnframt kveðið skýrt á um að í tilfelli flóttamanna sé heimilt að miða við umsóknardag og teljist samfelld búseta í tilfelli flóttamanna þá frá umsóknardegi. Með þessu væri komið í veg fyrir að tafir á málsmeðferð hjá stjórnvöldum valdi töfum á rétti einstaklings til ríkisborgararéttar. Annað gæti skapað ójafnræði milli einstaka umsækjenda byggt á málsmeðferðarhraða íslenskra stjórnvalda hvað varðar umsókn þeirra um alþjóðlega vernd.



## 5. gr.

Rauði krossinn telur nauðsynlegt að heimilt sé að víkja frá ákvæði 3. og 5. tölul. 9. gr. núgildandi laga sem taka breytingu samkvæmt d- og e-lið 5. gr. frumvarpsins. Ef litið er fyrst til 3. töluliðar sem kveður á um að umsækjandi hafi staðist próf í íslensku er mikilvægt að heimilt sé að víkja frá ákvæðum þessa töluliðar og bendir Rauði krossinn þar einkum á langtíma áhrif alvarlegra áfalla á fólk, áhrif áfallastreituröskunar og aldurs á getu umsækjanda til að tileinka sér íslenskt mál. Þá koma til álita aðrar ástæður s.s. fötlun, ólæsi við komu til lands og alvarlegir námsörðuleikar svo eitthvað sé nefnt. Þó krafan um íslenskukunnáttu sé almenn er mikilvægt að mögulegt sé að taka tillit til sérstakra aðstæðna sem kunna að hamla færni til að tileinka sér nýtt tungumál.

Í 5. tölul. er kveðið á um framfærslu með lögmætum hætti. Rauði krossinn telur mikilvægt í ljósi reynslu sinnar í vinnu með flóttafólki að skýrt sé kveðið á um það að framfærsla frá sveitarfélagi skerði ekki rétt til íslensks ríkisfangs. Í því samhengi má m.a. benda á að í verkefnum ríkisins, þegar hópi flóttamanna er boðið til landsins sérstaklega, er ekki gert ráð fyrir því að atvinnupátttaka hefjist á fyrstu mánuðum dvalar heldur sinni fólk íslenskunámi og fyrstu aðlögun á þeim tíma. Þá er jafnframt mikilvægt að tekið sé tillit til þeirra sem fá alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum á síðari hluta ævinnar þar sem ekki getur talist eðlilegt að krefjast fullrar atvinnupátttöku af viðkomandi, eða hann á ekki greiðan aðgang að vinnumarkaði sökum aldurs og er t.a.m. ekki með lífeyrisréttindi frá heimaríki. Þá þarf jafnframt að horfa til þess að fólk sem flýr heimili sín í leit að alþjóðlegri vernd á að baki áföll og kann því í mörgum tilfellum ekki að vera fært um fulla atvinnupátttöku við verndarveitingu þó svo að sá áfangi náist síðar.

